

Hákon Hansson
dýralæknir
760 Breiðdalsvík

Eftirlitsskýrsla - þriðja skoðun.

Efni: Þriðja skoðun dýralæknis á grasbítum á svæði þar sem gildi flúors í grasi hefur mælst hátt sumrin 2012 og 2013. Byggt er á reglugerð 340/2001 um eftirlit með fóðri, samanber 65. breytingu reglugerðarinnar með reglugerð nr. 368/2013.

Dags: 20. nóvember 2013

Framkvæmt af Hákonni Hanssyni dýralækni, aðstoðarmaður var Jón Ágúst Jónsson forstöðumaður Náttúrustofu Austurlands.

Staður: Slétta og Áreyjar í Reyðarfirði.

Inngangur

Þar sem Freydís Dana Sigurðardóttir sem var þjónustudýralæknir á þjónustusvæði 6 (m.a. Reyðarfjörður) og annaðist fyrri skoðanir er hætt störfum og flutt af svæðinu leitaði Jón Ágúst Jónsson forstöðumaður Náttúrustofu Austurlands til undirritaðs til að framkvæma skoðun á sauðfé og hestum á sama hátt og áður var gert haustið 2012 og vorið 2013. Ekki reyndist unnt að skoða alla þá gripum sem skoðaðir voru í tvö fyrri skiptin. Eigendur hrossanna Eldfara og Dórótheu eru fluttir með hrossin á Fljótsdalshérað. Hesturinn Pegasus frá Áreyjum var í tamningu á Héraði en kemur heim síðar í vetur. Hesturinn Ljómi var á útigangi. Loks eru tvær kindur sem skoðaðar voru í fyrri skoðunum á Sléttu dauðar. Á Sléttu voru skoðaðar 8 veturgamlar kindur og 4 tveggja vetra og í Áreyjum voru skoðuð tvö hross.

Skoðun og niðurstöður í töflu

Skoðunin fór fram eins og fyrri skoðanir. Framtennur voru skoðaðar í öllum gripum og jafnframt teknar myndir af framtönnum. Holdamat fór fram með þreifingu á sauðfé, og á öftustu rifbeinum á hrossum. Við matið á sauðfénu er stuðst við holdamatskerfi sem kennt er við Russel, Doney og Gunn frá 1969, sem notað hefur verið í sauðfjárrækt í áratugi. Næringarástandið var metið útfrá bakhöldum. Í ofangreindu kerfi eru gefin stig eftir næringarástandi frá 0 – 5, þar sem 0 merkir versta ástand og 5 feit dýr.

Auk þessa voru liðir skoðaðir á öllum gripum, Kjálkar á sauðfé voru þreifaðir.

Niðurstöður skoðunar fóru í töflu hér að neðan. Þá sáust dýrin hreyfa sig og virtust öll hreyfa sig eðlilega en klaufar og hófar voru metnir með sjónmati. Allir kjálkar voru þreifafir án athugasemda.

Skammstafanir: T. = tennur, á.a = án athugasemda, gl. = glerungur.

I 1, I 2, I 3 og I 4 framtennur (Incisors) , miðtennur eru I 1 o.s.frv.

h=hægri v = vinstri.

Gripur	Tennur og glerungur við skoðun 16.nóv	Tennur og glerungur við skoðun 20.nóv	Liðir, klaufir	Holdamat nú /áður	Mynd nr
559	Glerungur glansandi, heill. tennur á.a	dauð			
273 áður 55	Tennur og gl. á.a	skörð í bitfleti I 1 h tannhold þrútið, skemmdir í gl. I 1	Á.a	4 /3,5	5233 5234
233 áður 719	Ein tönn m. (I4v) litabreytingum, hinar á.a	brúnar rákir í báðum I 1 gl. hrjúfur í báðum I 1	Á.a	3,5/3,5	1010 1011
288 áður 609	Gl.glansandi,heill, T.á.a	þrútið tannhold, I 1 með brúnar rákir	Á.a	3,5/3,5	5224 5225
260 áður 608	Holur í framtönnum (I1)með skemmd í gl.	skemmdir í gl. á báðum I 1 skörð í báðum I 1	Á.a	3,5/ 3,5	1026 1027
247 áður 346	Blettur í skoru á báðum I4.	mattur gl. við tannháls I1 dökkir blettir á tönnum	Á.a.	3/3	1016 til 1021
220 áður 618	Jafnar tennur ,gl.heill	tennur brúnar, gl. mattur	Á.a.	3,5/4	5615 til 5617
214 áður 524	Blettur í skoru á I1 annars tennur og gl. á.a	gl. hrjúfur og mattur á I 1 og I 2	Á.a.	4/3,5	5230 5231
204 áður 236	Tennur og gl. á.a	gl I 1 ósléttur	Á.a.	4/3,5	5228 5229
282 áður 126	Gl.glansandi,heill, tennur á.a	tannhold þrútið gl á. a. skörð í bitfleti tanna I 1	Á.a.	3/ 3,5	1025 1026
1182 Kind	Eyðing á tönn I3 á millitanna	dauð			
1191 Kind	Gl.glansandi,heill, tennur á.a.	I 1 glerungur hrjúfur. Skemmd í gl. I 2 h	Á.a.	3,5 /3,5	1012 til 1015
1100 Kind	Gl.glansandi,heill, T.Á.a	Blæðing í tannholdi, gl mattur, skarð í I 2 h	Á.a.	4/ 3,5	1022 til 1024
213 áður 2213, 1123	Gl.glansandi og heill. Tennur á.a.	Skarð í I 1 h gl. mattur	Á.a.	3,5/3	1027 til 1030
Eldfari veturgamal	Tennur brúnleitar,röndóttar	ekki skoðaður			
Ljómi veturgamal	Tennur brúnleitar, röndóttar	ekki skoðaður			
Dórothea 5 v. hryssa	Tennur á.a.	ekki skoðuð			
Pegasus á 5. vetri	Blettur á I3, annars á.a	í tamningu á Héraði, kemur aftur			
Kvikur á 3. vetri.	Tennur og gl. engar athugasemdir	skemmdir í glerungi og holur í báðum I 1 neðri góm	Á.a.	4/4	1031 til 1039
Rák f. 2007	ekki skoðuð	brún slika, annars á.a.	Á.a	4	1040 til 1043

Túlkun niðurstaðna

Öll skoðuð dýr, bæði ær og hestar eru í góðum eða mjög góðum holdum.

Ástand tanna: Í flestum kindum og tryppinu Kvik eru frávik varðandi tennur, mismikil en greinileg í kindum nr. 273, 233, 247, 260, 1191 og 1100 og í hestinum Kvik frá Áreyjum.

Ær nr. 247: Ull er þófin á háls og bógum. Tennur skakkar og afbrigðilegar.

Ekki er hægt að meta ástæður frávíka eingöngu við sjónmat og ekki er augljóst að frávikin séu af völdum aukins flúors í grasi og heyi. Að mati undirritaðs væri æskilegt og jafnvel nauðsynlegt að gera frekari rannsóknir á kindum og hestum, sem sýna augljósar breytingar á tönnum við sjónmat. Þekkt er að hægt er að mæla magn flúors í blóði, þvagi og mjólk. Einfaldasta leiðin er að mæla flúormagn í blóði og bera saman við normalgildi flúors. Ekki er ljóst hvort slík gildi eru tiltæk hér á landi, en ef svo er ekki gæti komið til greina að taka samanburðarsýni úr sauðfé, þar sem ekki er hætta á flúormengun í grasi eða heyi. Með því að mæla flúor í þvagi á að vera hægt að meta flúorálag.

Fyrir liggja mælingar á flúor úr kjálkum kinda sem fóru í sláturhús. Kjálkarnir munu hafa verið teknir tilviljanakennt í sláturhúsi, en mikilvægt er að velja framvegis sýni úr ám sem ganga á mesta hættusvæðinu. Bændur þekkja vel hvar ærnar þeirra ganga og geta því aðstoðað við val á sláturdýrum. Vitað er að á Sléttu gengur allt að helmingur fjárins út með Reyðarfirði syðra megin, þar sem mengun mælist mjög lítil. Því er hætta á að tilviljanakennd sýnataka gefi ekki rétta mynd af flúormagni í kjálkum.

Ekki varð vart við smitandi munnangur (orf) eins og sl. haust í þeim kindum sem voru skoðaðar enda mynda þær sem smitast sem haustlömb ónæmi sem endist í nokkur ár.

Öll dýrin sem skoðuð voru eru ung og mat undirritaðs er að mikilvægt sé að skoða tennurnar áfram reglulega, þar sem hugsanlegar breytingar af völdum flúors koma fram á löngum tíma og augljósar breytingar vegna flúoreitrunar sjást því ekki fyrr en eftir nokkur ár.

Jafnframt er hvatt til að leitað verði nákvæmari leiða en sjónmats, til að meta hvort flúormagn í lifandi grasbítum sé hátt og er þá helst mælt með mælingum í blóði eða þvagi.

Breiðdalsvík 15. 12. 2013

Hákon Hansson

Hákon Hansson
dýralæknir